

Reykjavík 23.06.2020


Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags

„Vesturbæjarskóli, Sólvallagötu 67“
sem samþykkt var í borgarráði þann 04.10.2018
og birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 09.01.2019

Breytingin nær til skilmála deiliskipulagsins og varðar hús sem skráð eru innan lóðar Sólvallagötu 67 en stóður áður við Hringbraut 116-118 og Vesturvallagötu 10-12.

Breytingin felur í sér eftirfarandi:

Í skilmálum gildandi deiliskipulags kemur fram að heimilt sé að flytja húsin Hringbraut 116-118 og Vesturvallagötu 10-12. Lóðirnar hafa verið sameinaðar lóð Vesturbæjarskóla. Sú heimild var upphaflega sett inn í deiliskipulag sem samþykkt var 17.04.2008. Ekki hefur tekist að losna við húsið við Hringbraut 116-118 til flutnings af lóðinni og snýst deiliskipulagsbreytingin því um að heimila niðurrif á því.* Minjavерnd var boðið húsið til flutnings en afþakkaði. Húsið var nýtt sem kennsluhúsnæði á árunum 2014-2018 vegna plássleysis í Vesturbæjarskóla en eftir að byggt var við skólann hefur húsið staðið autt. Aðstöðuleysi á skólalóð stendur skólanum fyrir þrifum og er því brýnt að húsið fari sem fyrst.



Leitað var umsagnar Borgarsögusafns þar sem húsin eru innan afmörkunar hverfisverndar en þau eru hluti af húsabyrpingu sem reist var af Byggingarsamvinnufélagi Reykjavíkur árið 1934 á svokölluðu „Jóhannstúni“. Í umsögn Borgarsögusafns segir m.a.:

Eftir lóðabreytingu 2008 og breytingu á suðurenda Vesturvallagötu hefur umhverfisleg staða hússins Hringbrautar 116-118 breyst. Það stendur nú innan gíðingar skólalóðarinnar og er hluti af umhverfi skólangs. Þó að það myndi enn hluta af götumynd við Hringbraut og kallist á við samskonar hús austan Vesturvallagötu (Hringbraut 112-114) hefur það nú veikari stöðu en áður, sem hluti af eldra skipulagi samvinnuhússanna og markar ekki lengur á sama hátt og áður suðurenda Vesturvallagötu.

Texti gildandi skilmála fyrir breytingu:

Heimild er fyrir flutningi hússanna við Hringbraut 116-118 og Vesturvallagötu 10-12 og sameina lóðir þeirra lóð Vesturbæjarskóla að flutningi loknum.

Tillaga að breyttum texta í skilmálum:

Lóð Vesturbæjarskóla við Sólvallagötu 67 hefur verið stækkuð og standa mhl. 12 og 13 (áður Hringbraut 116-118) innan hennar. Heimilt er að rífa húsið* (mhl 12 og 13) ef ekki tekst að losna við það til flutnings af lóðinni.

Innan lóðar stendur einnig mhl. 8 (áður Vesturvallagata 10-12). Húsið er nýtt undir skólastarf Vesturbæjarskóla og byggt hefur verið við það. Ekki verður heimilt að rífa mhl. 8 en heimild til flutnings verður áfram til staðar.

* Niðurrif skal framkvæmt í samræmi við reglur og skal leitast við að bjóða til endurnýtingar, heillegt efni sem til fellur.



Hluti af Vesturvallagötu og parhúsið sem áður stóð við Hringbraut 116-118 er t.h. á myndinni.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr.

123/2010, var samþykkt í/a skipulags- og samgönguráði þann 1. juli 2020

Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. i.f. var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 7. juli 2020

